

Nr. 6/1887.

Sigríður Jónsdóttir og 2 aðrir lög-
erfingjar Filippusar Þorsteinssonar
gegnFilippusi Filippussyni og
sýslumanni H. E. Johnsson.

D ó m u r :

Áfrýendur máls þessa, sem eru 3 af lögerfingjum Filippusar heitins Þorsteinssonar, nl. ekkjan Sigríður Jónsdóttir, og sonur hans Ámundi Filippusson og tengdasonur Jón Eiríksson, heimtuðu það brjeflega hinn 28. apríl 1886 af sýslumanninum í Rangárvallasýslu, sem hlutaðeigandi skiptaráðanda, að hann tæki bú nefnds Filippusar Þorsteinssonar til opinberrar skiptameðferðar, með því að erfingjarnir eigi gátu orðið ásáttir um skipti á því, en þeir höfðu þangað til haft búið til meðferðar sjálfir, enda voru þeir allir myndugir, en með úrskurði, upp kveðnum í skiptarjetti Rangárvallasýslu hinn 21. júlímán. 1886, neitaði skiptaráðandinn að taka skiptabeidnina til greina, með því að erfingjarnir þá þegar hafi verið búnir að ljúka skiptunum, og að eigi hafi verið sýnt nje sannað, að nokkrar óskiptar eigur búinu tilheyrandi hafi þá verið í skipta-umdæminu. Þegar úrskurður þessi var upp kveðinn, voru engir af erfingjunum nærstaddir, enda verður eigi sjöð, að þeim hafi verið gjört aðvart um að mæta í skiptarjettinum, og engin gögn voru þá fram lögð snertandi búið, nema ofan-nefnt brjef erfingjanna frá 28. apríl f. á., og eigi verður heldur sjöð, að skiptarjetturinn hafi haldið nokkurn skiptafund í búinu með hlutaðeigendum, áður en hann kvað upp úrskurðinn 21. júlí f. á. Þessum úrskurði hafa áfrýendurnir, eptir að hafa fengið uppreistar-

leyfi, skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 17. jan. þ. á., og krafizt þess, að úrskurðurinn verði dæmdur ómerkur, og að hinn stefndi skiptaráðandi, H. E. Johnson, verði skyldaður til að taka búið til ópinberrar skiptameðferðar, sektaður fyrir meðferð sína á málinu, og dæmdur til að greiða í málskostnað að minnsta kosti 100 krónur. Hinnir stefndu hafa aptur á móti krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, að þeir verði algjörlega sýknaðir fyrir kröfum áfrýendanna, og að áfrýendurnir verði dæmdir til að greiða málskostnað *in solidum* með 100 kr. til hvors hinna stefndu, eða 200 kr. þeim báðum sameiginlega.

Eins og getið er um hjer að framan, hafa áfrýendurnir lýst því yfir, að erfingjar Filippusar Þorsteinssonar, sem ljezt 20. febrúar 1885, hafi eigi getað orðið á eitt sáttir um skipti á búi hans, er þeir höfðu tekið til meðferðar, og hafa þeir því krafizt opinberra skipta beinlínis með tilvitnun til 8. greinar í skiptalögunum 12. apríl 1878. Á hinn bóginn hafa hinir stefndu, sjerstaklega hinn stefndi erfingi Filippusar Þorsteinssonar, Filippus Filippusson, haldið því fram, að erfingjarnir hafi verið búnir að ljúka skiptum á búinu, þegar skiptabeiðnin frá 28. apríl f. á. kom fram, og hafa þeir því til sönnunar lagt fram fyrir yfirdóminum skipta-brjef, gjört 1. júní 1885, með nöfnum allra erfingjanna undir, nema ekkjunnar Sigríðar, og er í skiptagjörningi þessum vitnað til ráðstöfunar-brjefs Filippusar Þorsteinssonar frá 8. janúar 1872, þar er hann gjörir ákvörðun um skipti á fasteignum sínum eptir sinn dag. En hvorki hefur skiptagjörningur þessi nje heldur ráðstöfunarbrjefið komið fram fyrir skiptarjettinn til álita, svo

að eigi hefur hann úrskurðað um lögmæti þeirra, og eigi hefur heldur erfingjunum á skiptafundi verið gefinn kostur á, að yfir lýsa álitinu um gjörninga þessa, en hjer fyrir yfirrjettinum hefur því verið neitað, að þeir hafi allir samþykkt og undirskrifað skiptagjörninginn. Það er nú hvorki með þessum skiptagjörningi, nje með arfs-vottorði, er fram hefur verið lagt, nje á annan hátt löglega sannað, að erfingjar Filippusar heitins Þorsteinsonar hafi verið búnir að full-gjöra skipti eptir hann, þá er skiptabeiðnin kom fram, og verður því að líta svo á, að hver erfingjanna hafi haft rjett til þess, að krefjast íhlutunar skiptaráðanda til að leiða skiptin til lykta, sbr. lög 12. apríl 1878, 8. gr., og einnig 75. grein. Það verður því að fella úr gildi hinn áfrýjaða skiptarjettarúrskurð, og að leggja fyrir hinn stefnda skiptaráðanda, að taka fyrir til skipta og leiða til lykta dán-árbú það, er hjer um ræðir, þannig að hann við skiptin taki til álita marg-nefndan skiptagjörning frá 1. júní 1885, og ráðstöfunar-brjefið frá 8. janúar 1872, og þannig að erfingjunum gefist kostur á að gæta rjettar síns við skiptin, og koma fram með mótmæli sín gegn ný-nefndum gjörningum. Eptir málavöxtum á málskostnaður að falla niður, og eigi þykir ástæða til að sekta málaflutningsmenn málspartanna hjer við rjettinn fyrir ummæli, er þeir hafa við haft hvor um sinn mótpart, nje heldur til þess að dæma tjeð ummæli ómerk, þótt þessa hafi verið krafizt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði skiptarjettar-úrskurður á að vera ógildur, og ber hinum stefnda skiptaráðanda, sýslumanni H. E. Johnsson, að taka bú Filippusar

Þorsteinssonar fyrir til löglegrar skipta-meðferðar og leiða það til lykta.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 18. júlímán.

Nr. 31/1887.

Halldór Daníelsson
gegn
Jóni Ólafssyni.

D ó m u r :

Með dómi bæjarþingsrjettar Reykjavíkurkaupstaðar, upp kveðnum 31. marzmán. þ. ár, er hinn stefndi, alþingismaður Jón Ólafsson, dæmdur í 50 kr. sekt til landsjóðs eða 15 daga einfalt fangelsi, ef sektin eigi greiðist í ákveðinn tíma, fyrir meiðandi ummæli um sækjandann, Halldór Daníelsson bæjarfógeta, er voru í auglýsingu með nafni stefnda undir í 55. blaði af 38. árgangi »Þjóðólfs«; hin meiðandi ummæli, er voru efni sakarinnar, voru dæmd dauð og marklaus, og allur kostnaður málsins, sem var gjafsóknarmál af hálfu sækjanda, var lagður á hinn stefnda að meðtöldum málflutningslaunum, 10 kr. til hins skipaða málsfærslumanns sækjanda í hjerði, yfirkennara H. Kr. Friðrikssonar. Dómi þessum hefur sækjandinn að fenginni gjafsókn áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 21. maímán. þ. ár, og krafist þess, að hann verði að öllu leyti staðfestur, að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað, eins og málið eigi væri gjafsóknarmál, þar á meðal málflutningslaun til hins skipaða málsfærslumanns áfrýjandans fyrir yfirdómi, og að hinn stefndi verði sektaður fyrir þarflausan drátt á málinu.